

188
5. sept.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Stóra-Langadalsár á Skógarströnd.

Ós	22 einingar.
Klungurbrekka	11 —
Haukabrekka	19 —
Klettakot	8 —
Stóri-Langidalur	11 —
Ytra-Leiti	9 —
Narfeyri	20 —

Alls 100 einingar.

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 5. september 1950.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

189
7. sept.

BYGGINGARSAMÞYKKT

fyrir Eyjafjarðarsýslu.

1. gr.

Byggingarsamþykkt þessi nær til hvers konar varanlegra húsabygginga á jörðum, er til lögbýla teljast, þar með talin nýbýli, svo og bygginga, sem reistar eru á lóðum og lendum innan takmarka sýslunnar.

Undanskildir eru þó ákvæðum samþykktarinnar þeir löggiltir verzlunarstaðir, er hafa sett sér byggingarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 19 frá 20. október 1905. Setji löggiltir verzlunarstaðir sér síðar samþykkt, þá eru þau kauptún þar með undanþegin ákvæðum byggingarsamþykktar þessarar.

2. gr.

Sýslunefnd ræður byggingarfulltrúa í samráði við Teiknistofu landbúnaðarins og stjórn Búnaðarsambands Eyjafjarðar. Hann skal vera húsameistari eða húsa-smíðameistari með fullum lögréttindum og ráðinn til tveggja ára í senn.

Byggingarfulltrúi á sæti á fundum byggingarnefnda og hefur tillögurétt um öll þau mál, er nefndirnar taka til úrskurðar.

3. gr.

Laun byggingarfulltrúa greiðast af sýslusjóði Eyjafjarðarsýslu og Byggingarsjóði, svo og af sýslusjóðum Suður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu, ef ráðinn verður sameiginlegur byggingarfulltrúi fyrir þessar sýslur, samkvæmt ákvæðum laga nr. 26 1. apríl 1948.

4. gr.

Í hverjum hreppi skal vera byggingarnefnd. Í henni eiga sæti 3 menn kosnir af viðkomandi hreppsnefnd og jafnmargir til vara. Kosning þeirra fer fram að aflokn-